

Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 3. febrúar 2020

UST201905-100/H.E.

08.14.02


**Efni: Lokunareftirlit, 3. 12. 2019 í Sorpbrennslu Funa í Engidal.**

Þann 3. desember sl. fór fram eftirlit í sorpbrennslu Funa í Engidal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:**

1. 16. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Brennsluofn og rafmagnslagnir tengdar honum eru enn til staðar í starfsstöðinni. Umhverfisstofnun óskar eftir tímasettri áætlun um niðurrif hans og ráðstöfun í viðurkenndan feril í samræmi við ákvæði um lokun svæðis í 16. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. febrúar 2020.**



Halla Einarsdóttir

Virðingarfyllst



Hulda Soffía Jónasdóttir

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpbrennsla Funa Engidal



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	3.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Sorpbrennsla Funa	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hafnarstræti 1	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	4803942169	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ralf Trylla	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	311786,507 622556,899

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Frávið var í lokunareftirlit með frágangi sorpbrennslustöðvar Funa í Engidal.

Í starfsstöðinni er starfsemi söfnunarstöðvar sem hefur starfsleyfi útgefnu af Heilbrigðiseftirliti vestfjarða. Heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með starfsleyfisskyldum söfnunarstöðvarinnar.

Eitt frávik frá reglugerð kom fram þar sem að ekki liggur fyrir áætlun um niðurrif og endanlegan frágang sorpbrennslubúnaðarins.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Frágangur í kjölfar rekstrarstöðvunar:
- Upplýsingar um magn úrgangs sem hefur verið ráðstafað og kvittanir móttökuaðila.
- Verkþættir sem á eftir að framkvæma og tímasett áætlun um framgang frágangs starfsstöðvarinnar í samræmi við ákvæði í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit „Þar sem þess er ekki krafist að rekstraraðili taki saman skýrslu um grunnástand skal rekstraraðili við endanlega stöðvun starfseminnar grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem miða að því að fjarlægja, koma í veg fyrir, afmarka eða draga úr hættulegum efnum þannig að af iðnaðarsvæðinu, með tilliti til núverandi nota eða samþykktra nota í framtíðinni, stafi ekki lengur umtalsverð hættu fyrir heilsufar manna eða umhverfið vegna mengunar jarðvegs og grunnvatns sem leitt hefur af starfseminni og með tilliti til ástands iðnaðarsvæðisins.“

Í eftirlitinu kom fram að enn er tekið á móti úrgangi í sorpbrennslustöðvarinnar þar sem að hann er flokkaður áður en hann er fluttur til urðunar á viðurkenndan urðunarstað. Söfnunarstöðin er með starfsleyfi gefið út af Heilbrigðiseftirliti vestfjarða. Búið er að fjarlægja mengaða síupoka úr hreinsivirki og taka niður hreinsivirkið en ofninn er enn til staðar. Heilbrigðiseftirlit hefur eftirlit með söfnun úrgangs í stöðinni í samræmi við útgefið starfsleyfi.

### Frávik frá

16. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

### Lýsing á fráviki

Brennsluofn og rafmagnslagnir tengdar honum eru enn til staðar í starfsstöðinni. Umhverfisstofnun óskar eftir tímasettri áætlun um niðurrif hans og ráðstöfun í viðurkenndan feril í samræmi við ákvæði um lokun svæðis í 16. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

## ANNAÐ

Anton Helgason og Hlynur Reynisson frá Heilbrigðiseftirliti vestfjarða voru viðstaddir eftirlitið.

Reykjavík, 31.01.2020

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*Halla Einarsdóttir*  
Halla Einarsdóttir

bls. 4